

Íþróttá- og tómslundastyrkur

Reglur

Styrkurinn er fyrir börn og ungmenni upp að 18 ára aldri, miðað við fæðingarár. Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili og séu með aðsetur í Ásahreppi. Styrkurinn er hægt að nýta til niðurgreiðslu á skipulögðu starfi sem er stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða leiðbeinanda. Þetta á við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla og fl.

Meginmarkmið tómslundastyrksins er að auka valfrelsi, jafnrétti og fjölbreytni á sviði íþróttá- og tómslundu með þátttöku barna og unglunga í uppbyggilegu frístundastarfi, óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Gildi þess að taka þátt í skipulögðu íþróttá- og tómslundastarfi fyrir börn og unglunga er ótvírætt hvað varðar líkamlega, andlega og félagslega heilsu.

Íþróttá- og tómslundastyrkurinn nemur allt að 75.000.- kr. á árinu 2020 á hvern iðkenda.

Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi viðkomandi íþróttá- eða tómslundagreinar.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Ásahrepps ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Ásahrepps, á netfangið asahreppur@asahreppur.is eða í pósti.

Á greiðslukvittun þarf að koma fram nafn/kennitala félags, nafn og kennitala iðkenda, dagsetning greiðslu, íþrótt/tómslund og tímabil. Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. desember ár hvert.

Verði um ofgreiðslu að ræða á styrki áskilur Ásahreppur sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til styrks er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.